

Fundur í Nemendafélagi 10. febrúar kl. 12:50

Mættir: Veronika 10. b, Hrafn og Valgarður 9.b, Þóra 8. b, Valey 7. b, Spói og Sigvaldi 6. b, Baltasar 5. b.

Fundargerð:

1. Ísbrjótur: Hver og einn sagði frá upplifun sinni af þorramat. Greinilega ekki mjög vinsælt að borða súrmat.
2. Farið yfir síðustu fundargerð og eftirfarandi tilkynnt: Komin sessa í gluggann í félagsrými, stólarnir fyrir unglingadeild á leiðinni, einhver seinkun á þeim og sjónvörp á hvert stig koma vonandi í vikunni.
3. Rekstur skólans 2025: Rekstrartölur kynntar með fyrirvara um breytingar.
4. Ungmennaráð – hugmyndakassi: Samþykkt að setja upp hugmyndakassa fyrir ungmennaráð í skólanum. Nemendur skólans geta þannig komið hugmyndum sínum um málefni barna og ungmenna í Hvalfjarðarsveit á framfæri.
5. Önnur mál:
 - Fulltrúar töldu að of oft væri boðið upp á vatns- og hunangsmelónur í ávaxtastund, óska eftir að oftar verði boðið upp á perur og vínber.
 - Kassar undir ávexti með loki fyrir hvert stig í ávaxtastund. Þurfum að skoða nánar.
 - Skólalóðin, er hægt að skoða þegar fer að vora að mála línur á körfuboltavöllinn, mála pógó völl ásamt öðru skemmtilegu og leikjahvetjandi. Þurfum ný net í fótboltamörkin og skoða möguleika á hliði.

Miðstigsfulltrúar viku af fundi

6. Samstarfsskólarnir viðburðir unglinga: Borgarnesballið, 9 af 25 nemendum Heiðarskóla fóru á ballið, ágætis stemming. Heiðarskóli heldur ballið á næsta ári í janúar. Búið að ákveða sameiginlegan dag á skólatíma í Auðarskóla á næsta skólaári

fyrir 8. – 10. bekk. Skólastjóri skoðar hvort hægt sé að skoða sameiginlegan hitting nú á vorönn eingöngu fyrir 10. bekk þar sem þeir verða fjarri góðu gamni á næsta skólaári.

7. Skíðaferð: Ákveðið að bíða enn um sinn eftir snjónum en skoða skautuferð í vor ef ekki tekst að fara í skíðaferð.